


# 10 þúsund gestir, tilkostnaður nær tvær milljónir króna

HINNI miklu yfirlitssýningu á verkum Sverris Haraldssonar listmálara á Kjarvalsstöðum lýkur á sunnudagskvöldið, og mun þetta verða ein hin fjölsóttasta málverkasýning, er efnt



Sverrir Haraldsson á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

hefur verið til hérlendis. Í gær var talið, að á tíunda þúsund manns hefði þegar komið, þar í á annað þúsund bóðgestir, og ekki þarf að efa, að mikill fjöldi fólks mun koma í dag og á morgun, enda eru það síðustu forvöð.

Síðustu dagana hefur mikill fjöldi skólafólks streymt á sýninguna og alltaf síðan hún var opnuð hefur verið þar sífelld ós. Sumir hafa líka tekið á hendur langa ferð í bæinn til þess að geta komist á sýninguna.

Þótt myndir séu margar á sýningunni, er þar þó aðeins rúmlega helmingur þess, sem handbært var af myndum Sverris, en auk þess er að sjálfsgöðu til ekki svo fáar myndir eftir hann sem

ekki er nú kunnugt um, hvar eru niðurkomnar, þar á meðal nokkrar myndir, sem æskilegt hefði verið talið að geta sýnt við þetta tækifæri.

—Ég get ekki annað en verið ánægður með það, hvernig þessari sýningu hefur verið tekið, sagði Sverrir. Ég býst ekki við, að það sé algengt að svona margir komi á málverkasýningu eins manns. Aftur á móti er gróðinn minni en margur kann að halda. Leigan ein fyrir sýningarsalina er um 340 þúsund krónur, og alls er kostnaðurinn við sýninguna hátt í tvær milljónir króna. Sannleikurinn er sá, að hér mun rétt standast á, tekjur og tilkostnaður.

## SÁST TRYGGUR Í REYKJAVÍK?

LEITIN að hvolpinum Trygg frá Kirkjubæjarklaustri heldur áfram. Fullvíst þykir að hann sé á flækingi í Reykjavík, en rúm vika er nú liðin síðan hann hvarf í Hafnarfirði.

Í fyrradag var komið með tvo hunda til lögreglunnar í Hafnarfirði, en hundana hafði fólk fundið á flækingi og komu þeir heim við lýsinguna á Trygg sem birtist í Timanum þá um morguninn. Hvorugur þeirra reyndist þá vera Tryggur. Lögreglan í Reykjavík hafði svo í gær, föstudag, spurnir af hundi, sem kemur heim við lýsinguna á Trygg frá

Klaustri. Sást hann tvisvar í gærmorgun í Laugarnesi og um hádegisbilið á Brúnavegi. Í báðum tilfellum fóru lögreglumenn á stúfana en fundu hundinn ekki. Ef rétt er að þarna sé um að ræða hvolpinn, sem hvarf frá Kirkjubæjarklaustri fyrir hálfri annarri viku, er sýnilegt að hann er á flækingi á höfuðborgarsvæðinu, og á að vonum erfitt með að finna réttu leiðina heim. Timinn itrekar enn, að hver sá sem verður hundsins var láti lögregluna vita, sem ekki gerir annað við hvolpinn en að koma honum áleiðis til eigganda síns. — ÓÓ.

### Bíll í Tjörnina:

# Maður bjargaði tveim smábörnum á þurrt og hvarf síðan

STÖR amerískur bíll, sem í voru niður brekkuna við Ráðherrabústaðinn, þvert yfir Tjarnargötu og ofan í Tjörnina. Þar var bíllinn hálfur í kafi í vatni. Börnin eru



Lögreglumaður á leið úr bílnum.

hálfs annars árs og fjögurra ára gömul.

Móðir barnanna hafði skilið þau eftir í bílnum, meðan hún brá sér inn í hús. Ekki er vitað, hvernig á því stóð, að bíllinn fór af stað, en hann var skilinn eftir í gir og handhelmillinn ekki á. Þegar móðirin kom að, og skömmu síðar lögreglan, voru börnin á bakkanum, og fót þeirra voru þurr. Var í fyrstu ekki vitað, hvernig í ósköpunum á því stóð. Enginn nærstaddra hafði neina vitneskju um, með hvaða hætti börnin höfðu komist út úr bílnum, eða hvort þau voru í honum, þegar hann rann í Tjörnina. Útilokað var, að þau hefðu komist af sjálfsdáðum út úr bílnum og á þurrt, því að hann var eins og sjá má á meðfylgjandi myndum, hálfur í kafi í vatni og dyrnar lengra niðri í vatninu en afturendinn.

Timinn hafði í gær tal af stúlku, er sá þegar bíllinn rann í Tjörnina. Sagðist henni svo frá: — Ég var á leið í Tjarnarborg og gekk eftir Tjarnargötunni. Sá ég þá bíllinn koma á talsverðri ferð niður brekkuna og þvert yfir götuna. Í bílnum voru tvö börn, og mér heyrðist þau hljóða. Bíllinn rann beint út í Tjörnina, og voru börnin þá í honum. Mér brá óskaplega, þegar ég sá þetta, en varð þess þá jafnframt vör, að maður kom hlaupandi niður brekkuna á eftir bílnum, og stókk hann umsvifalaust út í Tjörnina. Hann opnaði bildyrnar, tók börnin út og bað þau á land. Ég sá það þó ekki, því að maðurinn kallaði til mín, þegar hann hljóp út í, og bað mig að hringja á lögregluna, en ég flýtti mér inn á barnaheimilið og hringdi og lét vita, hvernig komið var.

Þegar svo lögreglumenn komu að, var maðurinn, sem bjargaði börnunum á þurrt, farinn á brott. — ÓÓ.



### Staðreyndir um áhrif skattalagabreytinganna

Í fjárlagaræðu sinni svaraði Halldór E. Sigurðsson, fjármálaráðherra, þeim staðhæfingum, sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni um, að skattalagabreytingar þær, sem núverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir, hefðu haft óhagstæð áhrif fyrir launþega. Halldór nefndi nokkur dæmi og sagði m.a.:

„Hvernig er samamburðurinn á milli núverandi kerfis og þess, sem áður var, og einnig þess, sem viðreisnarstjórnin ætlaði að láta taka gildi? Um það hef ég hér nokkuð að segja, sem ég ætla að skýra háttvirtum alþingismönnum frá. Í þeim tölum, sem ég tilgreini, er reiknað með persónusköttum 1973 samkvæmt því sem áður getur.

Einstaklingur, sem hafði á þessu ári 290 þús. í brúttótekjur og 242 þús. í nettótekjur, hefur nú 36 þús. í útsvar og skatta. Hann hefði haft eftir gamla kerfinu, en þá er miðað við sömu skattvísitölu og nú er, 62 þús. og eftir kerfi viðreisnarstjórnarinnar, sem aldrei komst til framkvæmda, 68 þús. kr. Annar einstaklingur með brúttótekjur 356 þús. kr. og nettótekjur 312 þús. hefur nú 69.300, hefði haft samkvæmt gamla kerfinu 136 þús. kr. en 142 þús. samkvæmt viðreisnarkerfinu.

Þriðji einstaklingurinn hefur brúttótekjur 453 þús., nettótekjur 373 þús. kr. Hann hefur nú 102 þús. í skatta, hefði haft 116 þús. skv. gömlu lögunum og 124 þús. skv. viðreisnarlögunum.

Barnlaus hjón með tekjur 279 þús., nettótekjur 250 þús. kr., þau hafa nú 19.000, en eftir gamla kerfinu 54.000 og viðreisnarkerfinu 62.000 kr.

Barnlaus hjón með brúttótekjur 2.063 þús., nettótekjur 1.657 þús. hafa nú 795 þús., höfðu samkvæmt gamla kerfinu 864 þús. og samkvæmt viðreisnarkerfinu 861 þús.

### 71 þúsund í stað 141 þús. kr.

Hjón með 2 börn, sem hafa brúttótekjur 581 þús., nettótekjur 446 þús. hafa nú 71.000, hefðu haft eftir gamla kerfinu 133 þús. og eftir viðreisnarkerfinu 141.000.

Hjón með 2 börn með brúttótekjur 580 þús., nettótekjur 459 þús., hafa nú 77 þús., 140 þús. eftir gamla kerfinu og 148 þús. eftir viðreisnarkerfinu.

Hjón með 3 börn, sem eru með 654 þús. í brúttótekjur, 563 þús. í nettótekjur, hafa nú 112 þús., með gamla kerfinu 207 þús. og viðreisnarkerfinu 215 þús. kr.

Önnur hjón, líka með 3 börn, sem hafa brúttótekjur 885 þús., nettótekjur 605 þús., hafa nú 162 þús. skv. gamla kerfinu 231 þús. og viðreisnarkerfinu 239 þús.

Hjón einnig með 3 börn, með 926 þús. í tekjur, 804 þús. í nettótekjur, hafa nú í skatta 245 þús., höfðu eftir gamla kerfinu 351 þús. og eftir viðreisnarkerfinu 359 þús.

Hjón einnig með 3 börn, sem hafa 2.470 þús. í tekjur, 1.743 þús. nettó, hafa nú 783 þús., eftir gamla kerfinu 862 þús. og eftir viðreisnarkerfinu 870 þús.

### 193.000.- kr. í stað 291.000.- kr.

Hjón með 5 börn, með 934 þús. í brúttótekjur, nettótekjur 776 þús., hafa nú 193 þús., áður 282 þús. og skv. viðreisnarkerfinu 282 þús. Framhald á bls. 19